

Mánudaginn 28. maí 1990.

Nr. 127/1989. **Guðmundur Þórðarson**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

**Ísverki hf.**

(Björn Ól. Hallgrímsson hrl.).

Lausafé. Leiga.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1989. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða „kr. 378.180 auk 27% drv. á ári frá 21.11.1986 til 1.3.1987, en með 30% drv. á ári frá þ.d. til 1.6.1987, en með 33,6% drv. á ári frá þ.d. til 1.7.1987, en með 36% drv. á ári frá þ.d. til 1.8.1987, en með 40,8% drv. á ári frá þ.d. til 1.9.1987, en með 42% drv. á ári frá þ.d. til 1.10.1987, en með 43,2% drv. á ári frá þ.d. til 1.11.1987, en með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 21.11.1987, en með 45,6% drv. á ári af kr. 502.223 frá þ.d. til 1.12.1987, en með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1.1.1988, en með 51,6% drv. á ári frá þ.d. til 1.3.1988, en með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, næst hinn 21.11.1988“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að fjárfrafa áfrýjanda verði lækkuð verulega. Stefndi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru ítarlega rakin í héraðsdómi.

Stefndi fékk að láni hjá áfrýjanda sumarið 1985 103 stálstoðir og 450 metra af undirsláttarbitum og hafði til afnota í um það bil eitt ár. Slíkt byggingarefni virðist samkvæmt því, sem fram kemur í málinu, hafa verulegt notagildi fyrir báða málstaðila í atvinnurekstri þeirra.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að byggingarefni þetta hafi verið

lánað, án þess að endurgjald ætti að koma fyrir. Með hliðsjón af magni þess og umráðum stefnda yfir því í allt að eitt ár, verður heldur ekki talið, að stefndi hafi mátt ætla, að um endurgjaldslaust lán væri að ræða. Kemur og fram í dómskýrslu fyrirvarsmanns stefnda, að hann taldi 100.000 til 150.000 krónur sanngjarnt endurgjald fyrir afnotin.

Í héraðsdómi er rakin frásögn áfrýjanda um heimildir, er hann hafi stuðst við, þegar hann ákvað leigu fyrir byggingarefnið. Engin gögn hafa verið lögð fram þessu til staðfestingar. Þá nýtur hvorki frá áfrýjanda upplýsinga um verðmæti þess byggingarefnis, sem um ræðir, né aldur þess, og ágreiningur er með aðilum um endingartíma slíks efnis. Í aðilaskýrslu fyrir dómi fullyrðir áfrýjandi, að endingartími þess geti orðið mestur 10 ár miðað við samfellda notkun. Fyrirvarsmaður stefnda telur í aðilaskýrslu ekki ólíklegt, að endingartíminn geti verið 15-20 ár.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram gögn og útreikningar, sem ætlað er að sýna verðmæti sambærilegs byggingarefnis sumarið 1985. Jafnframt er samanburður gerður á því og leigugjaldinu, sem áfrýjandi krafðist, og það talið vera töluvert hærra.

Er áfrýjanda voru fyrir dómi kynnt þessi gögn og útreikningar stefnda á þeim byggðir, lýsti hann því yfir, að útreikningarnir gætu staðist miðað við árið 1985.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er krafa áfrýjanda vanreifud. Á hinn bóginn hafa verið færð að því rök af hálfu stefnda, að krafan sé óeðlilega há. Eins og atvikum máls þessa og mála-tilbúnaði er háttað, verður að fara að álitum um mat á fjárhæð kröfunnar. Þegar virt er það, sem helst er til álita í því efni og upplýsinga nýtur um í málinu, þykir hæfilegt að taka kröfu áfrýjanda til greina með 160.000 krónum. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ísverk hf., greiði áfrýjanda, Guðmundi Þórðarsyni, 160.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 16. febrúar 1987 til 1. mars s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl

s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. febrúar 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Ísafjarðar 10. mars 1989.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 1. mars 1989, höfðaði stefnandi, Guðmundur Þórðarson, nnr. 3118-1917, Sunnuholti 1, Ísafirði, gegn Benedikt Sigurðssyni f.h. Ísverks hf., nnr. 4833-5497, Urðarvegi 54, Ísafirði, með stefnu, birtri 26. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 378.180 með 27% dráttarvöxtum á ári frá 21.11.1986 til 1.3.1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.6.1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.7.1987, en með 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.8.1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9.1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10.1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11.1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 21.11.1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári af kr. 502.223 frá þeim degi til 1.12.1987, en með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1.1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.3.1988, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, næst hinn 21.11.1988. Að auki er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málsvarnarlaun samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst stefndi verulegar lækkunar á kröfum stefnanda og þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

### *Málavextir.*

Tildrög mála eru í stórum dráttum þau, að í ágúst eða september 1985 fór Benedikt Sigurðsson á fund stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar, og falaðist eftir undirsláttarbitum og stálstoðum til nota við verk, sem Ísverk hf. hafði tekið að sér við byggingu Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Um var að ræða 450 metra af H.20-bitum og 103 stálstoðir. Hvorki virðist á þessum

fundi þeirra né síðar hafa verið rætt um tilhögun þessara afnota, þ.e. hvort um lán eða leigu ætti að vera að ræða, hvort og þá hversu hátt endurgjald skyldi koma fyrir og um hversu langan tíma stefndi skyldi nota umrædd tæki. Ágreiningur er með aðilum um þessi efni, en þeir eru þó sammála um, að stefnandi hafi ekki viljað selja stefnda tækin, þegar stefndi hafi leitað eftir því, er hann sótti þau skömmu síðar. Stefndi hafði svo þessi tæki til afnota fram í september 1986, eða í u.þ.b. eitt ár, er hann skilaði þeim, eftir að stefnandi hafði gert honum ljóst, að hann þyrfti á þeim að halda.

Í október 1986 gerði stefnandi stefnda grein fyrir því, að endurgjalds yrði krafist fyrir afnot tækjanna. Mun kröfufjárhæðin, kr. 378.000, þá fyrst hafa verið nefnd, en stefndi fékk ekki reikning í hendur, fyrr en málið var komið til kasta lögmannna. Aðilar munu þó hafa rætt um fjárhæð endurgjaldsins á þessum tíma og báðir nefnt aðrar tölur. Stefndi mun þá hafa verið reiðubúinn til þess að greiða kr. 150.000 fyrir afnotin, og stefnandi mun hafa viljað lækka kröfu sína eitthvað, í kr. 225.000 að eigin sögn.

Stefnandi, Guðmundur Gunnar Þórðarson byggingarmeistari, gaf skýrslu fyrir dómi. Hann sagði, að stefndi hefði komið til sín í september 1985 og beðið sig um bita og stoðir vegna verks, sem hann væri að vinna við byggingu Stjórnsýsluhússins. Skömmu síðar hefði hann komið við annan mann að sækja þetta efni, og hefði hann þá falast eftir kaupum á því. Stefndi kvaðst hafa neitað því, en sagst vilja leigja efnið. Hann sagði, að stefndi hefði mátt vita, að endurgjalds yrði krafist, enda hefði hér verið um efni að ræða, sem hann hefði sjálfur fengið greitt fyrir vegna verksins í Stjórnsýsluhúsinu. Stefndi sagði, að hvorki hefði þó verið rætt um fjárhæð leigugjalds né lengd lánstíma. Við munnlegan flutning málsins sagði lögmaður stefnanda með bókun, að ekki hefði verið um það samið, að stefnandi gæti kallað eftir hinum umræddu tækjum, hvenær sem hann kynni að þurfa á þeim að halda, heldur hafi verið út frá því gengið, að stefndi hefði lokið þessum afnotum að vori, er stefnandi myndi þarfnast þeirra.

Stefnandi kvaðst ekki vilja segja til um, hver væri venja í skiptum aðila í svona tilvikum, en sjálfur tæki hann jafnan leigugjald.

Stefnandi sagðist í upphafi hafa sagt stefnda, að hann myndi þurfa á þessu efni að halda aftur í júní-júlí 1986. Hann kvaðst ekki minnst þess, að stefndi hefði haft samband við sig í október-nóvember 1986 um að skila þessum áhöldum, enda hefði hann ótrauður haldið áfram uppslætti í Stjórnsýsluhúsinu.

Stefnandi kvaðst hafa verið að byggja raðhús á Stakkanesi sumarið 1986, og hefði hann hagrætt verkum sínum þar til þess að þurfa ekki að taka tækin af stefnda. Ljóst væri þó, að þetta hefði valdið einhverjum töfum á verki sínu þar.

Stefnandi sagði, að í tilboðsverkum væri jafnan reiknað með því, að verkkaupi greiddi fyrir notkun tækja og efnis, eins og mál þetta snerist um.

Stefnandi kvaðst hafa sótt nokkrar stoðir og bita til stefnda um verslunarmannahelgina 1986. Stefndi hefði hins vegar ótilkvaddur skilað öllu efninu í tvennu lagi í september-október 1986.

Stefnandi kvaðst í október 1986 hafa gert stefnda ljóst, að hann væri að búa til reikning vegna leigunnar, og nefnt fjárhæðina kr. 378.000. Stefndi hefði þá viljað athuga málið nánar. Þegar stefnandi hefði haft samband við stefnda viku síðar, hefði hann ekki enn verið búinn að skoða málið, og hið sama hefði endurtekið sig u.þ.b. hálfum mánuði síðar. Í desember 1986 hefðu þeir svo aftur rætt saman, og hefði stefndi þá farið fram á lækkun. Stefndi hefði þá talið sanngjarnt að greiða kr. 100.000 og síðan boðið kr. 50.000 til viðbótar. Stefnandi kvaðst hafa verið reiðubúinn að lækka reikninginn niður í kr. 225.000, ef greitt yrði strax. Þessu hefði stefndi neitað og sagt, að stefnandi yrði þá að leita annarra leiða við innheimtu reikningsins.

Stefnandi sagði, að við ákvörðun einingarverðs fyrir leiguna hefði hann haft samband við Verkpalla hf. í Reykjavík, og hefðu þeir gefið upp þetta verð. Hann kvaðst jafnframt hafa ráðgast við byggingarmeistara syðra, svo sem hjá Ármannsfelli í Reykjavík og Hamrinum hf. í Hafnarfirði, og einnig haft samband við innflytjandann, Breiðfjörðsblikksmiðjuna í Reykjavík. Þetta hefði hann gert til þess að fá sem gleggsta mynd af markaðsverði á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnandi kvaðst einungis hafa krafið um leigugjald í 270 daga, og hefði hann með því viljað gefa nokkurn afslátt, enda hefði hann vitað um tafir hjá stefnda vegna frosta.

Stefnandi sagðist ekki vita, hvort venja væri að lækka leigugjald fyrir muni sem þessa, þegar þeir væru leigðir til lengri tíma. Afsláttur hans hefði hins vegar falist í því að krefja stefnda einungis um leigugjald í 270 daga, þegar hann hefði haft tækin í heilt ár, og síðan hefði hann verið reiðubúinn til þess að lækka kröfu sína niður í kr. 225.000.

Stefnandi var spurður, hvort algengt væri, að verktakar fengju lánuð tæki sem þessi hver hjá öðrum. Hann sagði, að það væri algengt, að menn fengju lánaðan „vibrator“ í stuttan tíma til að vinna í steypuvinnu í einn dag eða svo. Þá væri heldur ekki óalgengt, að menn lánuðu hver öðrum efni í smáum stíl í stuttan tíma í senn. Öðru máli gegndi hins vegar um efni, sem verulegir fjármunir væru bundnir í, og þá væri eðlilegt, að gjald kæmi fyrir. Stefnandi kvaðst kannast við að hafa fengið lánað járn hjá stefnda, sem hann síðar hefði skilað í sama.

Stefnandi sagði, að leigugjald á reikningi á dskj. nr. 3 væri miðað við

verðlag á útgáfudegi hans, en ekki á þeim tíma, þegar hinir umræddu munir voru leigðir.

Stefndi, Benedikt Tryggvi Sigurðsson byggingarmeistari, kom fyrir dóm og gaf aðilaskýrslu.

Stefndi sagði, að í ágúst 1985 hefði hann farið og rætt við stefnanda um að fá lánaða bita og stöðir hjá honum vegna uppsteypu á kjallara Stjórnsýsluhússins. Ætlunin hjá sér hefði verið að nýta eingöngu keypt efni, en þegar á leið, hefði komið í ljós, að æskilegt væri að steypa meira í einu, og því hefði hann þurft meira efni. Stefndi sagði, að stefnandi hefði tekið vel í að lána umbeðið efni, sem hann hefði ekki þurft á að halda sjálfur. Hann hefði ekki viljað selja þetta efni, en lánað það með þeim fyrirvara, að því yrði strax skilað, ef hann þyrfti á því að halda. Að öðru leyti hefði ekki verið rætt um tíma í þessu sambandi. Stefndi kvaðst ekki minnst þess, að stefnandi hefði talað um leigu fyrir þessi tæki.

Stefndi sagði, að þegar fyrirsjáanlegt hefði verið, að vinna myndi stöðvast um tíma, hefði hann haft samband við stefnanda um að skila efninu. Stefndi hefði þá sagt, að ekki skipti máli, hvar efnið væri geymt. Stefndi sagði, að vinna hefði verið stöðvuð í nóvember 1985, en byrjað aftur í febrúar 1986. Hann sagði, að á þessum tíma hefði allt efnið verið bundið í undirslætti undir loftplötu 1. hæðar. Stefndi sagði, að hann hefði notað þetta efni samhliða eigin efni, og hefði sú notkun verið stöðug fram á sumar 1986, enda hefði ekki verið talin þörf á að taka það úr notkun á þessum tíma. Hefði sú þörf skapast, hefði hins vegar verið unnt að taka efnið úr notkun með skömmum fyrirvara og skila því til stefnanda. Stefndi sagði, að ekki hefði komið til greina að leigja efni með þessum hætti af stefnanda, og hefði þá verið hagkvæmara fyrir sig að kaupa nýtt efni.

Stefndi sagði, að í júlí-ágúst 1986 hefði stefnandi látið sig vita, að hann þyrfti á efninu að halda, og hefði hann þá farið að taka það til. Stefndi hefði fengið bita úr eigu stefnda, þar sem bitar stefnanda hefðu verið fastir í undirslætti á þessum tíma. Öllu efninu hefði hins vegar verið skilað til stefnanda í september.

Stefndi sagði, að haustið 1986, í október eða nóvember, hefði stefnandi komið á verkstæðið til sín og sagt sér, að hann væri að búa til reikning fyrir leigu tækjanna. Stefndi hefði þá nefnt töluna kr. 378.000. Stefndi kvaðst hafa orðið hissa og sagt, að hann vildi skoða málið nánar. Stefndi hefði hins vegar ekki sýnt sér reikning í þetta skipti. Þeir hefðu svo rætt saman í síma skömmu síðar, og hefði stefndi þá sagt stefnanda, að ekki kæmi til greina að greiða þessa upphæð. Stefndi sagði, að þá eða skömmu síðar hefði hann sagt stefnanda, að hann væri reiðubúinn til að greiða honum kr. 100.000 fyrir afnotin, og síðar hefði sú tala verið hækkuð í kr. 150.000. Stefndi kvaðst minnst þess, að stefnandi hefði boðið einhverja

lækkun á reikningnum, en hann sagðist ekki muna, hversu mikla. Hann sagði, að innheimtubréf lögmans stefnanda á dskj. nr. 4 væri fyrsta skjal-ið, sem hann hefði séð, þar sem þessi fjárhæð hefði verið sett fram. Hann hefði svo ekki séð reikninginn fyrr en í mars 1987 og þá hjá lögmanni sínum.

Stefndi sagði, að ekki væri óalgengt, að verktakar hér á svæðinu lánuðu hver öðrum byggingarefni án endurgjalds, en það væri þó háð bæði tíma og magni.

Stefndi sagði, að í upphafi hefði einungis verið talað um afnot í skamman tíma. Ef sér hefði þá verið ljóst, að hann myndi nota tækin í heilt ár og endurgjalds yrði krafist, hefði hann að sjálfsögðu frekar keypt ný tæki. Hann kvaðst því hafa talið kr. 100.000 til 150.000 sanngjarnt endurgjald fyrir þessi afnot, en sú fjárhæð hefði verið u.þ.b. helmingur af kaupverði nýrra tækja.

Stefndi sagði, að í tilboðsverki væri reiknuð ákveðin upphæð af einingarverði vegna kostnaðar við mót. Inni í þeirri fjárhæð væri gert ráð fyrir útlögðum kostnaði vegna efnis, sem festist í steypu, rýrnunar og endurnýjunar tækja.

Þá kom fyrir dóm Skarphéðinn Hjálmarsson trésmiður. Hann sagði, að í nóvember 1986 hefði stefnandi komið á verkstæðið til sín og sagst vera búinn að gera reikning vegna tækjaleigunnar. Sig minnti, að stefnandi hefði þá nefnt töluna kr. 375.000. Hann hefði svo komið síðar og rætt við sig og Benedikt um leigugjaldið, en hann kvaðst hins vegar aldrei hafa séð reikning frá stefnanda. Mætti sagði, að þeir hefðu boðið stefnanda kr. 150.000, en stefnandi hefði hafnað því.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi leigt stefnda bita og stoðir á tímabilinu frá september 1985 til jafnlengdar 1986. Stefnandi skýrir fjárhæð á reikningi sínum til stefnda, dags. 21. nóvember 1986, þannig, að stefndi hafi fengið á leigu 450 lengdarmetra af H.20-bitum í 270 daga. Leigugjaldið sé tvær krónur fyrir lengdarmetrann á dag. Samtals sé því leigugjald fyrir bitana kr. 243.000 kr. Þá hafi stefnandi einnig leigt stefnda 103 stálstoðir í 270 daga, og hafi hver stoð verið leigð á kr. 2,40 á dag. Samtals sé því leiga á stoðunum kr. 66.744. Söluskattur af þessum fjárhæðum nemi kr. 77.436. Skuld stefnda við stefnanda og stefnufjárhæð málsins nemi því samtals kr. 378.180. Stefnandi tekur fram, að hann krefji einungis um leigugjald fyrir 270 daga, þótt stefndi hafi haft bitana á leigu fram í september 1986, enda telji hann eðlilegt að líta svo á, að hinir leigðu munir hafi ekki verið í notkun hvern dag á leigutímanum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hinum almennu reglum kröfuréttarins og

þeirri grundvallarreglu samningaréttarins, að samninga beri að halda. Dráttarvaxtakrafa stefnanda er byggð á lögum nr. 25/1987, einkum 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 14. gr. þeirra laga. Krafa um málskostnað er reist á 177. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umræddar stoðir og bitar hafi verið lánað um stundarsakir án endurgjalds, eins og venja sé milli byggingaraðila á Ísafirði, en ekki hafi verið gerður leigusamningur milli aðila um afnot þeirra. Rætt hafi verið í upphafi um, að áhöld þessi yrðu aðeins í notkun hjá stefnda, á meðan stefnandi þyrfti ekki á þeim að halda. Stefnandi hafi hins vegar lýst því yfir sjálfur, að áhöld þessi væru jafnvel geymd hjá stefnanda, þar sem hann þyrfti ekki að nota þau sjálfur. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir nokkrum skaða vegna tækjalánsins, og eigi því ekki rétt á greiðslu fyrir lánið, enda hafi enginn leigusamningur verið um þetta gerður. Hafi stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því, að slíkur samningur hafi komist á.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að tækin hafi ekki verið í notkun nema hluta af þeim tíma, sem stefnandi krefji um, en megnið af tímanum hafi þau einungis verið í geymslu hjá stefnda. Einnig hafi einungis hluti tækjanna verið í notkun, þar sem stefndi hafi sjálfur keypt sér bita og stoðir á þessu tímabili. Þá sé fráleitt að verðleggja leigu á tækjunum samkvæmt verðskrá frá tækjaleigum í Reykjavík, þar sem verðskrá þeirra miði við leigu einstakra hluta fyrir hvern dag. Séu tæki þar leigð út í einhverju magni til lengri tíma, sé leigugjald einungis brot af útgefinni verðskrá og tækjum sem þessum jafnframt skilað 2-3 dögum eftir hverja steypu. Tæki sem þessi endist í 15-20 ár, en það liggja við, að stefnufjárhæð dugi til að kaupa samsvarandi ný tæki. Stefnandi hafi ekki lagt fram reikning fyrir kröfu sinni fyrr en í mars 1987, og sé því óheimilt að krefja um vexti fyrr en mánuði síðar. Enginn áskilnaður sé í reikningi stefnanda um töku dráttarvaxta, og sé honum því óheimilt að krefjast þeirra nema frá dagsetningu innheimtubræfs, þ.e. 16. febrúar 1987.

Þó að stefndi telji stefnanda eigi hafa rétt til leigugjalds, hafi hann viljað reyna að leysa þennan ágreining í góðu og boðist til að greiða stefnanda allt að kr. 170.000 fyrir afnotin. Þetta hafi stefnandi eigi viljað samþykka, og beri að hafa þetta í huga við ákvörðun málskostnaðar, falli dómur stefnanda í vil.

#### *Niðurstaða.*

Það er ósannað, að leigusamningur hafi komist á með aðilum þessa máls haustið 1985 vegna afnota stefnda af undirláttarbitum og stálstoðum í eigu stefnanda. Fullgild rök hafa ekki verið færð fram fyrir þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að endurgjalds yrði krafist. Um

Það virðist ekkert hafa verið rætt í upphafi né á öllum þeim tíma, er stefndi hafði tækin til afnota. Aðilar hafa báðir borið, að tíðkanlegt sé, að verk-takar í byggingariðnaði á þessu svæði láni hver öðrum tæki til verka, þótt líkur bendi til, að slík lán standi að jafnaði ekki lengi né að um verulegt magn sé að ræða hverju sinni. Það er hins vegar ósannað, að afnotum stefnda hafi í upphafi verið ætlað að standa svo lengi sem raun varð á. Viðurkennt er af hálfu stefnanda, að tækin hafi ekki verið í eiginlegri notkun allan afnotatímamann, þótt ekkert liggi fyrir með vissu um það atriði. Stefnanda var í lófa lagið að kalla eftir þessum tækjum miklu fyrr en hann gerði eða áskilja sér endurgjald með ótvíræðum hætti, þegar sýnt var, að afnotin myndu standa lengur en ef til vill væri eðlilegt um lánsafnot. Það hefur heldur ekki verið sýnt fram á, að það magn af bitum og stálstoðum, er stefndi fékk til afnota, hafi verið óeðlilega mikið miðað við lán án endurgjalds, sem ósannað er, að hafi átt að standa í lengri tíma en eðlilegt væri um slík afnot. Þá er ekkert fram komið í málinu, er staðfesti, að stefnandi hafi orðið fyrir óhagræði eða fjártjóni vegna afnota stefnda af hinum um-ræddu tækjum hans.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Það breytir ekki þeirri niðurstöðu, þótt stefndi hafi á ýmsum stigum málsins boðið fram einhverja greiðslu, sem hann kann að hafa talið sanngjarnt að greiða stefnanda til sátta, enda leiða framangreind rök til sýknu.

Þar sem veruleg vafaatriði eru í þessu máli og úrslit þess hafa öðru fremur ráðist af ófullnægjandi sönnunarfærslu, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Pétur Kr. Hafstein, bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Benedikt Sigurðsson f.h. Ísverks hf., skal vera sýkn af kröf-um stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar.

Málskostnaður fellur niður.

---